



### **359. Fundur Þingvallanefndar**

Fundur haldinn á nefndasviði Alþingis þann 14. október 2009, kl. 11:30 í Austurstræti 8-10. Mættir voru Álfheiður Ingadóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Atli Gíslason, Ragnheiður E. Árnadóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Valgerður Bjarnadóttir og Hrefna Jónsdóttir sem ritaði fundargerð. Karl M. Kristjánsson aðstoðarskrifstofustjóri Alþingis mætti vegna 1.–2. dagskrárliðar; Lilja Jónasdóttir lögfræðingur, Einar E. Sæmundsen landslagsarkitekt, Einar Á. Sæmundsen og Guðrún St. Kristjánsdóttir mættu vegna 3. dagskrárliðar.

Þetta gerðist:

#### **1. Fjárhagsstaða þjóðgarðsins**

Karl M. Kristjánsson kynnti yfirlit yfir fjárhagsstöðu þjóðgarðsins 2009. Samkvæmt því stefnir í rekstarafgang árið 2009 upp á 16 m.kr., en neikvæður uppsafnaður höfuðstóll var 14,5 m.kr. í lok ársins 2008. Að öllu óbreyttu verður unnt að ná niður rekstrarhalla fyrri ára eins og stefnt var að.

#### **2. Fjárhagsáætlun þjóðgarðsins 2010**

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2010 fyrir gerir ráð fyrir 82,3 m.kr. fjárveitingu til þjóðgarðsins á Þingvöllum. Karl M. Kristjánsson kynnti drög að rekstraráætlun fyrir árið 2010 með reglulegum og áætluðum föstum útgjaldaliðum, sem byggist að mestu leyti á rekstri 2009.

-Ragnheiði Elínu og Björgvin var falið setja saman tillögu að framkvæmdáætlun fyrir árið 2010 og taka saman lista yfir ólokin verkefni innan þjóðgarðsins ásamt starfsmönnum.

#### **3. Sumarhús, deiliskipulag**

Einar E. Sæmundsen kynnti greinargerð dags. 14.10.2009 um stöðu tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar innan þjóðgarðsins. Tillagan tekur til Rauðukusuness, Kárastaða og Valhallarstígs. Árið 2005 voru öll mannvirki og lóðamörk hnitsett innan þjóðgarðsins. Deiliskipulaginu er ætlað að marka þróun núverandi frístundabyggðar ásamt því að skilgreina vegi, gönguleiðir og byggingarreiti. Tillagan byggir á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2004-2016. Bréf með frumdrögum að deiliskipulagi var sent lóðarleiguhöfum 2007. Um 20 athugasemdir bárust.

- Ákveðið að halda áfram umfjöllun um tillöguna og athugasemdir sem bárust m.a. frá Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og fá fulltrúa þeirra á fund nefndarinnar.

#### **4. Lóðarleigusamningar og byggingarskilmálar**

Ákveðið var að fella saman eins og kostur er vinnu við nýja lóðarleigusamninga og byggingarskilmála. Lóðarleigusamningar þjóðgarðsins renna út 1.7.2010 og byggingarskilmálar þjóðgarðsins þarfnast heildstæðrar endurskoðunar.

Við endurnýjun þessara samninga þarf að huga að ýmsu. Meiri kröfur eru gerðar til safnþróa, huga þarf að aðgengi almennings um þjóðgarðinn og að Þingvallavatni, sem og að stærð, byggingarefni og útliti húsa.

Sumarhúsalóðir innan þjóðgarðsins eru misstórar og er möguleiki á ýmsum stöðum að hnika lóðarmörkum til að hægt sé að útbúa göngustíga niður að vatni.

- Umræðum frestað.

## **5. Frumvarp til laga um breytingu á þjóðgarðslögum**

Staðfest er álit fyrri Þingvallanefndar að lög um frístundabyggð nr. 75/2008 stangist á við lög þjóðgarðsins nr. 47/2007 m.a. hvað varðar leigutíma. Lóðarleigusamningar í þjóðgarðinum hafa verið gerðir til 10 ára í senn, en í lögum um frístundabyggð er kveðið á um að leigutími skuli ekki vera skemmri en til 20 ára í einu.

- Lilju Jónasdóttur falið að fara yfir frumvarpið sem var flutt í vor og nefndarmenn í Þingvallanefnd munu síðan endurflytja það.

## **6. Auglýsing eftir þjóðgarðsverði**

Auglýst verður starf framkvæmdastjóra fyrir þjóðgarðinn á Þingvöllum sem jafnframt er þjóðgarðsvörður. Starfsvið framkvæmdarstjóra fellur undir reglugerð 848/2005 um þjóðgarðinn á Þingvöllum.

- Þorgerði Katrínu og Atla var falið að fara yfir drög að auglýsingu um starfið m.t.t. úrskurða umboðsmanns Alþingis og sérlaga sem gilda um þjóðgarðinn og leggja fyrir nefndina.

## **7. Önnur mál**

Formanni falið að hafa samband við forsætisráðuneytið um stöðu mála vegna framkvæmda við Þingvallakirkju.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 13:15.